

# Vátryggingartakar hjá vátryggingafélaginu NOVIS gætu orðið fyrir fjárhagslegu tjóni þar sem slitastjóri hefur ekki enn verið skipaður

Hinn 1. júní 2023 afturkallaði Seðlabanki Slóvakíu (NBS), sem er lögbært yfirvald í Slóvakíu, starfsleyfi NOVIS Insurance Company, NOVIS Versicherungsgesellschaft, NOVIS Compagnia di Assicurazioni, NOVIS Poist'ovňa a.s. (NOVIS) og fór fram á að dómstóll í Slóvakíu myndi leysa upp félagið og skipa slitastjóra yfir því. Slitastjóri hefur þó ekki enn verið skipaður.

NOVIS hefur verið óheimilt að gera nýja vátryggingasamninga síðan í júní 2023 og getur félagið aðeins sinnt þeim verkefnum sem nauðsynleg eru til að þjónusta núverandi samninga, þ.e. innheimta iðgjöld og gera upp kröfur. NOVIS er undir takmörkuðu eftirliti meðan slitastjóri hefur enn ekki verið skipaður. Vegna yfirstandandi dómsmála er óvíst hvort og hvenær sú ákvörðun verður tekin af dómstólum.

Núverandi staða getur leitt til tjóns á hagsmunum neytenda. Vátryggingartakar eiga á hættu að verða fyrir fjárhagslegu tjóni haldi þeir áfram að greiða iðgjöld til félags sem hefur ekki lengur starfsleyfi, sem NBS hefur farið fram á að verði sett í slitameðferð og sem er undir takmörkuðu eftirliti NBS.

Með hliðsjón af þessum aðstæðum vill evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðastofnunin (EIOPA), með tilliti til hlutverks stofnunarinnar sem samræmingaraðili samstarfsvettvangs vegna NOVIS, upplýsa vátryggingartaka NOVIS um tafir á málsmeðferð vegna beiðni um slitameðferð og áhættuna sem því fylgir. Í ljósi hægagangs á framvindu málsins þurfa vátryggingartakar að endurmeta valkosti sína vandlega út frá fyrirliggjandi upplýsingum og, eftir að hafa leitað sérfræðiráðgjafar, ákveða hvaða leið sé best fyrir þá, þ.m.t. að hætta greiðslu iðgjalda og segja upp samningum sínum.

Algengar spurningar og svör sem gætu verið gagnlegar fyrir vátryggingartaka NOVIS eru aðgengilegar hér að neðan.

## Spurningar og svör

### Hvað gerðist?

NOVIS var stofnað sem líftryggingafélag árið 2014 í Slóvakíu undir eftirliti NBS. Auk Slóvakíu var NOVIS með starfsemi á sviði líftrygginga í gegnum útibú í Austurríki, Tékklandi og Þýskalandi og veitt þjónustu yfir landamæri í Finnlandi, Ungverjalandi, Íslandi, Ítalíu, Litháen, Póllandi og Svíþjóð.

Í júní 2023 tók NBS ákvörðun um að afturkalla starfsleyfi NOVIS og fór fram á að dómstóll leysti NOVIS upp, skipaði slitastjóra og hæfi slitameðferð. Í október 2023 ákvað NOVIS að bera lögumæti fyrrgreinda ákvörðun NBS undir dómstóla.

Málsmeðferð vegna beiðni um að leysa NOVIS upp og skipun slitastjóra hefur nú verið frestað þar til endanleg niðurstaða um lögmæti afturköllunar starfsleyfis NOVIS liggur fyrir hjá dómstólum.

## Hver er núverandi staða NOVIS?

NOVIS hefur ekki lengur starfsleyfi til að stunda váttryggingastarfsemi í Evrópusambandinu (ESB). Frá því í júní 2023 hefur NOVIS ekki mátt gera nýja váttryggingasamninga og getur aðeins sinnt þeim verkefnum sem nauðsynleg eru til að innheimta iðgjöld, gera upp kröfur og greiða skuldir. Þar að auki er NOVIS ekki skylt að sinna reglubundnum skýrsluskilum samkvæmt lögum um váttryggingastarfsemi í Slóvakíu. NBS hefur takmarkaða yfirsýn og eftirlitsheimildir yfir félaginu.

Sú staðreynd að NOVIS hefur borið lögmæti ákvörðunar NBS undir dómstóla og að slitastjóri hefur ekki enn verið skipaður hefur ekki áhrif á núgildandi ákvörðun NBS um afturköllun starfsleyfis NOVIS.

## Hvers vegna afturkallaði NBS starfsleyfi NOVIS?

Þyngstu viðurlög sem eftirlitsaðili getur beitt eftirlitsskyldan aðila er afturköllun starfsleyfis, sem er því aðeins beitt í alvarlegustu tilvikunum.

NBS afturkallaði starfsleyfi NOVIS vegna vankanta í starfsemi NOVIS. Að mati NBS stundaði NOVIS ekki váttryggingastarfsemi á varfærinn hátt, sem hafi ógnað hagsmunum váttryggingartaka og haft neikvæð áhrif á fjárhagsstöðu félagsins.

Áður en starfsleyfið var afturkallað hafði NBS þegar gripið til fjölda eftirlitsaðgerða gegn NOVIS og beitt viðurlögum ítrekað. Umræddar aðgerðir miðuðu að því að taka á alvarlegum vandamálum sem NBS, og eftirlitsstofnanir gistiríkja þar sem NOVIS hefur stundað váttryggingastarfsemi, höfðu komið auga á frá árinu 2018. Þar má m.a. nefna alvarlega annmarka á stjórnarháttum félagsins, auk þess sem félagið fjárfesti ekki iðgjöldum váttryggingartaka í samræmi við gildandi váttryggingasamninga og annmarka tengda gjaldþolsstöðu og vanmati á váttryggingaskuldbindingum.

Þar sem þessar aðgerðir leiddu ekki til úrbóta á stjórnarháttum NOVIS til lengri tíma ákvað NBS að afturkalla starfsleyfi félagsins til að stunda váttryggingastarfsemi til þess að vernda váttryggingartaka NOVIS.

## Hvaða atriði skapa áhættu fyrir váttryggingartaka?

Þar sem NOVIS er undir tökmörkuðu eftirliti í kjölfar afturköllunar starfsleyfisins, liggja ekki fyrir áreiðanlegar upplýsingar um fjárhagsstöðu NOVIS, þ.m.t. hvort félagið eigi nægar eignir og hvort iðgjöldum er fjárfest í samræmi við skilmála váttryggingasamninga.

## Hvenær hefst hugsanleg slitameðferð?

Dómstóll í Bratislava (Bratislava City Court) hefur einn vald til að skipa slitastjóra fyrir NOVIS og setja NOVIS í slitameðferð. Slitameðferð hefst þegar dómstóllinn skráir slitastjóra félagsins í þarlenda fyrirtækjaskrá.

Ekki er til staðar lögbundinn tímafrestur til skipunar slitastjóra fyrir NOVIS og því er ekki hægt að áætla hvenær NOVIS fer mögulega í slitameðferð.

## Hverjar eru afleiðingar hugsanlegrar slitameðferðar NOVIS fyrir váttryggingartaka?

Hlutverk slitastjóra er að taka við stjórn NOVIS, meta eignir og í framhaldinu taka ákvörðun um hvort NOVIS verði lýst ógjaldfært eða hvort eignirnar nægi til að fullnægja kröfum váttryggingartaka og annarra kröfuhafa. Slitastjórinn mun koma fram fyrir hönd NOVIS í slitameðferðinni og upplýsa alla váttryggingartaka um næstu skref.

Váttryggingartakar hjá NOVIS ættu að hafa í huga að NBS afturkallaði starfsleyfið vegna þess að NOVIS uppfyllti m.a. ekki kröfur um gjaldþol. Eftir því hver fjárhagsstaða NOVIS verður þegar félagið verður tekið til slitameðferðar gæti sú staða komið upp að eignir félagsins dugi ekki til þess að greiða allar kröfur, sem þýðir að váttryggingartakar gætu verið í þeirri stöðu að fá ekki greiddar bætur samkvæmt váttryggingasamningi, sem ættu að fást greiddar undir venjulegum kringumstæðum. Váttryggingartakar sem eiga afurðir NOVIS gætu fengið greidda lægri fjárhæð en sem nemur greiddum iðgjöldum að viðbætti ávöxtun.

## Eru váttryggingartakar sem greiða regluleg iðgjöld í meiri áhættu en váttryggingartakar sem greiða iðgjald með eingreiðslu?

Allir váttryggingartakar NOVIS eiga á hættu á að verða fyrir fjárhagslegu tjóni. Hins vegar leiðir núverandi ástand til sérstakrar hættu á tjóni váttryggingartaka sem greiða regluleg iðgjöld. Samkvæmt samningsskilmálum NOVIS halda váttryggingartakar sem greiða reglulega iðgjaldagreiðslur réttinum til að halda uppi bótakröfum og gilda þá jafnframt aðrar skuldbindingar, þar á meðal greiðslu iðgjalda þar til ákvörðun er tekin af viðeigandi dómstól.

Þetta þýðir að váttryggingartakar sem greiða reglulega iðgjöld halda áfram að setja fjármuni í afurðir félags sem gæti verið tekið til slitameðferðar. Ekki er tryggt að hægt verði að endurheimta greidd iðgjöld að fullu ef NOVIS verður sett í slitameðferð.

## Hvað ættu váttryggingartakar NOVIS að gera?

Váttryggingartakar eru eindregið hvattir til að meta vandlega eigin aðstæður og hvernig núverandi ástand gæti haft áhrif á þá fjárhagslega áður en þeir taka ákvörðun eða grípa til aðgerða.

Þegar váttryggingartakar taka ákvörðun um hvað þeim er fyrir bestu ættu þeir að lesa skilmála samninga sinna og meta sína möguleika út frá þeim. Við mat á stöðunni ættu váttryggingartakar að skoða áframhaldandi iðgjaldagreiðslur með hliðsjón af óvissunni sem ríkir.

Váttryggingartakar ættu að leita sérfræðiráðgjafar frá einum eða fleiri af eftirfarandi: sérfræðingum í fjármálum, lögfræðingum eða neytendasamtökum.

## Hvaða valkosti hafa váttryggingartakar?

Með hliðsjón af aðstæðum hvers og eins, þeirri biðstöðu sem er uppi í dómsmálum tengdum NOVIS auk þeirrar staðreyndar að NOVIS er undir takmörkuðu eftirliti í kjölfar afturköllunar starfsleyfisins, ættu váttryggingartakar að íhuga hvort þeir eigi að halda samningum sínum í gildi þar til NOVIS verður hugsanlega tekið til slitameðferðar eða segja upp samningum sínum.

Váttryggingartökum er ráðlagt að íhuga hvort þeir geti sagt upp samningum sínum að hluta til eða í heild sinni og ættu að afla upplýsinga frá NOVIS eða dreifingaraðila um væntanlegt endurkaupsvirði samninga, að frádregnum kostnaði og gjöldum. Váttryggingartakar ættu að meta þennan valkost og hugsanlegt endurkaupsvirði og bera saman við þann möguleika að halda samningnum áfram í gildi og fá þá greidda fjárhæð sem hugsanleg slitameðferð mun leiða til.

## Hvað ættu váttryggingartakar sem greiða regluleg iðgjöld að hafa í huga að auki við mat á sínum möguleikum?

Í tilvikum váttryggingartaka sem greiða regluleg iðgjöld í samræmi við samninga, ætti að yfirfara og meta, með óháðum sérfræðingi eða lögfræðingi, kosti og hugsanlegar afleiðingar (á grundvelli löggjafar í viðkomandi ríki og í samræmi við skilmála hvers váttryggingarsamnings) þess að hætta reglulegum iðgjaldagreiðslum og segja upp samningnum áður en hann rennur út.

Váttryggingartakar sem greiða regluleg iðgjöld ættu að skoða væntanlegt endurkaupsvirði, að frádregnum kostnaði og gjöldum, sem þeir geta fengið ef þeir segja upp samningnum að hluta til eða í heild sinni og bera það saman við þann valkost að halda samningnum í gildi með áframhaldandi iðgjaldagreiðslum með hliðsjón af möguleikanum á því að NOVIS verði sett í slitameðferð og fá greidda fjárhæð sem hugsanleg slitameðferð mun leiða til.